

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 7. desember 2018.

Mál nr. 139/2018:

Stjarnan ehf.

(Heiðar Ásberg Atlason lögmaður)

gegn

protabúi EK 1923 ehf.

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Lykilorð

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Óvenjulegur greiðslueyrir. Endurgreiðsla.

Útdráttur

Protabúi E ehf. krafðist riftunar á framsali EK ehf. til S ehf. á nánar tilgreindri endurkröfu á hendur íslenska ríkinu vegna ofgreiðslu gjalda til ríkissjóðs. Í dómi Landsréttar var lagt til grundvallar að S ehf. hefði eignast kröfu á hendur EK ehf. sem nam fjárhæð hinna ofgreiddu gjalda og þegar af þeirri ástæðu hefði framsalið ekki getað talist gjafagerningur í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Á hinn bóginn var talið að um óvenjulegan greiðslueyri hefði verið að ræða samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 og að greiðslan hafi ekki virst venjuleg eftir atvikum. Var því fallist á kröfu protabús E ehf.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Aðalsteinn E. Jónasson, Ásmundur Helgason og Jón Finnbjörnsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Máli þessu var áfrýjað til Landsréttar 26. janúar 2018. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 29. desember 2017 í málinu nr. E-373/2017. Áfrýjandi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar en til vara að dómkröfur stefnda verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn niður falla.
- 2 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 3 Eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi varðar ágreiningur máls það álitaefni hvort stefnda sé heimilt að rifta framsali Eggerts Kristjánssonar ehf. (síðar EK 1923 ehf.) til áfrýjanda 27. janúar 2016 á endurkröfu félagsins á hendur íslenska ríkinu vegna ofgreiðslu gjalda til ríkissjóðs í tengslum við úthlutun á tollkvótum á árunum 2014 og 2015. Stefndi byggir í fyrsta lagi á því að honum sé heimilt að rifta framsalinu á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., í öðru lagi á grundvelli

134. gr., eins og fallist var á í hinum áfrýjaða dómi, en í þriðja lagi á grundvelli 141. gr. sömu laga.

- 4 Samkvæmt gögnum málsins annaðist EK 1923 ehf. innflutning og dreifingu á nánar tilgreindum vörum til áfrýjanda. Fyrir liggur að hin ofgreiddu gjöld sem EK 1923 ehf. hafði innt af hendi til íslenska ríkisins, og fyrrgreind endurgreiðslukrafa þess náði til, höfðu áður verið lögð á innkaupsverð til áfrýjanda. Samkvæmt því verður lagt til grundvallar að áfrýjandi hafi eignast kröfu á hendur EK 1923 ehf. sem nam fjárhæð hinna ofgreidda gjalda er fyrir lá að innheimta gjaldanna reyndist hafa verið ólögmæt. Þegar af þeirri ástæðu verður sú niðurstaða héraðsdóms staðfest að fyrrgreint framsal EK 1923 ehf. til áfrýjanda 27. janúar 2016 geti ekki talist vera gjafagerningur í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991.
- 5 Með þessari athugasemd en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.
- 6 Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Landsrétti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stjarnan ehf., greiði stefnda, þrotabúi EK 1923 ehf., 1.240.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, 29. desember 2017

I

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 30. janúar 2017 og dómtekið 6. nóvember 2017.

Stefnandi er þrotabúi EK1923, Grjótagötu 7, Reykjavík, en stefndi er Stjarnan ehf., Suðurlandsbraut 46, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru í fyrsta lagi þær að rift verði með dómi framsali stefnanda til stefnda, dagsett 27. janúar 2016, þar sem framseld var til stefnda endurkrafa stefnanda á hendur íslenska ríkinu að fjárhæð 24.628.250 krónur, vegna ofgreiðslu gjalda til ríkissjóðs í tengslum við úthlutun á tollkvótum með útboði á árunum 2014 og 2015.

Í öðru lagi krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 24.628.250 krónur en til vara 14.670.838 krónur.

Þá krefst stefnandi vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 7.779.000 krónum frá 11. júní 2014 til 9. desember 2014 en frá þeim degi af 13.753.250 krónum til 22. júlí 2015 en frá þeim degi af 24.628.250 krónum til 26. janúar 2016 og dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 2. gr. laga 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Í tilviki varakröfu er krafist vaxta af allri kröfunni samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 27. janúar 2016 til 22. desember 2016 en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi þess að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti og að málskostnaðurinn beri dráttarvexti frá dómsuppsögu til greiðsludags, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi greiði stefnda málskostnað að mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði látinn niður falla.

II

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, dagsettum 7. september 2016, var einkahlutafélagið EK1923 tekið til gjaldþrotaskipta, nú þrotabú félagsins og stefnandi málsins. EK1923 ehf. var lengst af þekkt sem heildverslun Eggerts Kristjánssonar hf. og var meginstarfsemi þess innflutningur á matvöru og hreinlætisvörum. Árið 2016 var nafni félagsins breytt í EK1923 ehf., skömmu áður en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta. Í nóvember 2013 keypti Leiti eignarhaldsfélag ehf., sem er í eigu Skúla Gunnars Sigfússonar, 70% eignarhlut í EK1923 ehf. Hið fyrrnefnda félag eignaðist síðan hið síðarnefnda alfarið árið 2015. Í ársbyrjun 2014 keypti EK1923 ehf. lager í eigu Sólstjörnnunnar ehf. en það félag hafði annast innkaup, lagerhald og dreifingu fyrir stefnda, Stjörnunna ehf. Stefndi hefur rekstur Subway matsölukeðjunnar með höndum og er hið stefnda félag einnig í eigu fyrrnefnds Skúla Gunnars Sigfússonar.

Í kjölfar kaupa EK1923 ehf. á lager Sólstjörnnunnar ehf. komst á viðvarandi viðskiptasamband á milli EK1923 ehf. og stefnda, Stjörnunna ehf. og gerðu aðilar með sér drög að þjónustusamningi haustið 2015. Viðskipti aðila fóru fram á þann hátt að EK1923 ehf. annaðist innflutning, lagerhald og dreifingu fyrir stefnda, sem Sólstjarnan ehf. hafði áður sinnt. Aðilar sömdu um ákveðin kjör í viðskiptum sínum og skyldi stefndi greiða stefnanda svokallað heildarinnkaupsverð sem tók til flutningskostnaðar, tolla, geymslukostnaðar og tollkvóta. Samkvæmt drögum að þjónustusamningnum, sem þó voru aldrei formlega undirrituð, skyldi stefndi greiða EK1923 ehf. 10% álag á þær vörur sem það félag keypti inn og seldi áfram til stefnda og síðar meir 12,5% álag. Ekki stendur ágreiningur um þetta atriði í málinu.

Á árunum 2014-2015 tók stefnandi þátt í útboðum á tollkvótum sem haldin voru á vegum nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneytisins og laut útboðið bæði að svokölluðum ESB-tollkvótum og WTO-tollkvótum. Kostnaður vegna þeirra var ávallt lagður á innkaupsverð til stefnda, sem bar þannig óskiptan kostnað af útboðum á tollkvótum. Útboðin fóru þannig fram að ráðherra gaf árlega út reglugerð þar sem úthlutaðir kvótar voru auglýstir til umsóknar og þegar eftirspurn var meiri en framboð, fór útboð fram. Þetta fyrirkomulag stjórnvalda var byggt á 65. gr. og 65. gr. a búbörulaga nr. 99/1993. Þar kom fram að í þeim tilvikum þar sem eftirspurn eftir kvótum væri meiri en framboð, hefði ráðherra val um hvort hann beitti hlutkesti eða hvort útboð færi fram. Nokkur innflutningsfyrirtæki undu ekki við að þurfa að greiða fyrir kvótann á grundvelli útboða og höfðuðu mál á hendur ríkinu sökum þess. Samkvæmt dómum Hæstaréttar Íslands í málum réttarins nr. 317/2015, 318/2015 og 319/2015 var niðurstaðan sú að fullnægjandi lagastoð fyrir gjaldtöku ríkisins við úthlutun tollkvóta var ekki talin hafa verið til staðar og var því talin vera í andstöðu við 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar um lögmatan grundvöll skattheimtu. Þannig var heimta gjalda vegna úthlutunar tollkvótanna dæmd ólögmat og því ljóst að ekki hefði verið næg stoð fyrir einum þætti í því heildarinnkaupsverði sem EK 1923 ehf. hefði lagt á þær vörur sem það seldi til stefnda. Samkvæmt þessu var því ljóst að stefndi hefði ofgreitt tollkvóta til EK1923 ehf. á árunum 2014 og 2015. Íslenska ríkinu var í framhaldinu gert að greiða málsaðilum þær fjárhæðir sem þeir höfðu innt af hendi fyrir úthlutun kvótanna, hverjum fyrir sig, með vísan til laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Með bréfi Bjarka H. Diego hæstaréttarlögmanns, dagsettu 4. febrúar 2016, til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins fyrir hönd stefnda, var þess farið á leit með vísan til niðurstöðu í framangreindum dómum Hæstaréttar, að sú fjárhæð sem EK1923 ehf. hefði greitt vegna ESB- og WTO-tollkvóta á fyrrnefndum tíma, samtals 24.628.250 krónur, yrðu endurgreiddar, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum. Þá kom fram í bréfinu að með framsali, dagsettu 27. janúar 2016, hefði EK1923 ehf. framselt allar kröfur sínar á hendur íslenska ríkinu um endurgreiðslu þeirra fjárhæða sem greiddar voru fyrir úthlutun tollkvóta á árunum 2014-2015 til stefnda. Í framsalinu eru þessar fjárhæðir sundurliðaðar á eftirfarandi hátt:

Dags. greiðslu	Fjárhæð
11.06.2014	5.974.250 kr.
09.12.2014	5.974.250 kr.
22.07.2015	10.875.000
Samtals:	24.628.250 kr.

Með bréfi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dagsettu 22. mars 2016, til fyrrnefnds lögmans stefnda, var tilkynnt um endurgreiðslu ofgreiddra gjalda EK1923 ehf. vegna tollkvóta á grundvelli laga nr. 29/1995 og um það vísað til niðurstöðu dóma Hæstaréttar og kröfubréfsins, dagsetts 4. febrúar 2016. Í bréfinu kom meðal annars fram að ákveðið hefði verið að endurgreiða öllum þeim sem greiddu fyrir tollkvóta á tímabilinu 21. janúar 2012 og til 11. júlí 2015 er lög nr. 46/2015 um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 tóku gildi. Kröfum um endurgreiðslu vegna gjalda sem greidd voru vegna tollkvóta fyrir þetta tímamark var hins vegar hafnað með vísan til fyrningar, sbr. 4. gr. laga nr. 29/1995. Samkvæmt þessu átti EK1923 ehf. því kröfu á hendur íslenska ríkinu sem nam fjárhæð greiddra gjalda vegna tollkvóta á framangreindu tímabili, samtals 13.753.250 krónur, ásamt nánar tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum.

Með bréfi lögmans stefnda til fjársýslu ríkisins, dagsettu 22. mars 2016, var óskað eftir því að framangreind fjárhæð yrði greidd inn á reikning hans, samtals að fjárhæð 14.670.838 krónur, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum og var greiðslan innt af hendi 1. apríl s.á.

Svo sem áður greinir var bú EK1923 ehf. tekið til gjaldþrotaskipta haustið 2016. Varðandi hnignun rekstrar félagsins greinir stefndi svo frá í greinargerð sinni að allt frá kaupum Leitis eignarhaldsfélags ehf. á rekstri EK1923 ehf., hefði hið síðarnefnda félag verið í stöðugri endurskipulagningu. Að mati forsvarsmanna Leitis ehf. hefðu áreiðanleikakannanir ekki gefið rétta mynd af rekstri þess og var gripið til ýmissa ráðstafana til að rétta hann við, svo sem að auka eigið fé félagsins um rúmar 55.000.000 króna í árslok 2014 og að fella niður húsaleigu. Sökum þess hefðu rekstraráætlanir EK1923 ehf. fyrir árið 2015 gefið tilefni til hjartásýni og ekkert sem benti til annars en að félagið yrði rekstrarhæft til framtíðar.

Þá hefði verið fenginn að félaginu nýr stjórnarformaður, Gunnar Thoroddsen, sem hafi átt að leiða reksturinn ásamt nýjum framkvæmdastjóra, Páli Gústafi Arnar. Í desember 2015 hafi Friðrik Friðriksson verið ráðinn til að fara yfir stöðu félagsins og leggja til hvaða leið væri æskilegust til að leysa úr rekstrarvanda þess. Ýmsar leiðir hefðu verið nefndar í því sambandi en að endingu hefðu eigendur félagsins ákveðið að selja rekstur þess. Þær umleitanir hafi ekki borið árangur og ekki hafi tekist að draga úr taprekstri félagsins. Í mars 2016 hafi síðan verið orðið ljóst að rekstrinum væri ekki við bjargandi.

Í kjölfar þess að gjaldþrotaskipti hófust á EK1923 ehf. sendi skiptastjóri þrotabúsins bréf til stefnda, dagsett 22. desember 2016, þar sem áðurnefndu framsali dagsettu 27. janúar 2016 var rift og endurgreiðslu á 24.628.250 króna krafist af hans hálfu. Skiptastjóri vísaði meðal annars til þess að uppgjör sem framsalið byggðist á væri hvergi rökstutt í samningum aðila og ekkert væri að finna um framsalið í bókhaldi félagsins. Þá var framsalsgerningnum lýst sem einhliða sjálfstöku af hálfu stefnda sem enginn fótur væri fyrir.

Með svarbréfi Guðmundar Sigurðssonar, framkvæmdastjóra stefnda þann 28. desember s. á. var atburðarás málsins rakin, allt frá því að EK1923 ehf. tók þátt í útboðum á tollkvótunum árið 2014. Þá var jafnframt útskýrt að framsalið byggðist á því að í kjölfar dóma Hæstaréttar hefði EK1923 ehf. eignast kröfu á hendur íslenska ríkinu vegna þeirra gjalda sem það hefði ofgreitt sökum kaupa á tollkvótum. Þar sem hin ólögsmætu gjöld hefðu ávallt verið lögð á af hálfu EK1923 ehf. á innkaupsverð til stefnda hefði hann raunar borið óskiptan kostnað af greiðslu hinna ofgreidda gjalda. Þess vegna hefðu aðilar gert með sér áðurnefnt samkomulag 27. janúar 2016 þar sem staðfest var að stefndi ætti rétt til fyrrgreindrar greiðslu frá ríkinu og að krafa stefnda á hendur EK1923 vegna hinna ofgreidda gjalda, væri jafnhá og sú krafa sem EK1923 ehf. ætti á hendur íslenska ríkinu. Með framsalinu hefði því krafa stefnda á hendur EK1923 ehf. verið gerð upp.

Með bréfi skiptastjóra til framkvæmdastjóra stefnda, dagsettu sama dag, var framangreindum skýringum hafnað. Eins og áður er getið var mál þetta höfðað með stefnu birtri 30. janúar 2017.

III

Stefnandi byggir kröfu um riftun aðallega á ákvæðum 134. gr., sbr. 2. mgr., eða 131. gr. laga 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. en til vara á 141. gr. sömu laga. Að mati stefnanda sé gerningur sá sem hér sé fyrir hendi gjafagerningur og verði honum rift á grundvelli 131. gr. laganna, enda hafi krafa upp á rúmar 24 milljónir króna verið framseld til stefnda án nokkurs endurgjalds. Til að verjast riftun á grundvelli 131. gr. þyrfti stefndi að sýna fram á að þegar gjöfin hafi verið innt af hendi hafi stefnandi verið fullkomlega gjaldfær og sú staða stefnanda ekki breyst þrátt fyrir gjörninginn.

Verði litið svo á að með framsalinu hafi stefnandi verið að gera upp skuld við stefnda, telur stefnandi að hún sé riftanleg á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991, þar sem með hinum riftanlegu ráðstöfunum sé bæði sé verið að greiða upp kröfu stefnda á hendur stefnanda með óvenjulegum greiðslueyri og fyrr en eðlilegt hafi verið og enn fremur þar sem greiðslan hafi skert getu stefnanda til að gera upp við eða semja við aðra kröfuhafa. Til að verjast riftun á grundvelli 134. gr. þyrfti stefndi að sýna fram á að greiðslan hafi verið innt af hendi á eðlilegum tíma og með eðlilegum hætti. Þá þyrfti hann einnig að sýna fram á að stefnandi hafi verið gjaldfær á þeim tíma sem greiðslan átti sér stað og hefði verið það áfram þrátt fyrir greiðslu á kröfu stefnda og að greiðslan hafi alls ekki skert getu stefnanda til að gera upp við eða semja við aðra kröfuhafa.

Í báðum tilvikum mætti vísa til 2. mgr. beggja ákvæðanna þar sem stefnandi og stefndi séu nákomnir í skilningi laganna, enda félögin í eigu sama aðila, Skúla Gunnars Sigfússonar, í gegnum eignarhald á öðrum félögum. Til að fá riftun samþykkt á grundvelli almennu riftunarreglunnar í 141. gr. laga nr. 21/1991 þurfi annars vegar að sýna fram á að greiðslan, sem málið lúti að, hafi verið með ótilhlýðilegum hætti, stefnda til hagsbóta en hins vegar að þegar greiðslan hafi farið fram hafi stefnandi verið ógjaldfær eða orðið það vegna framsalsins og að fyrirsvarsmáður stefnda hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni.

Stefnandi byggir á því að í málinu sé fyrir hendi ósvífin og einhliða sjálfataka vegna uppgjors á kröfu stefnda sem í ofanálág sé ekki nokkur fótur fyrir. Auk þess hafi uppgjorið, sem hvergi sé rökstutt í samningi málsaðila eða öðrum samningum þeirra á milli, farið fram með leynd á þeim tíma þegar rekstur stefnanda var í andaslitrunum og án nokkurrar aðkomu framkvæmdastjóra og prókúruhafa félagsins.

Greiðslan hafi þannig ekki aðeins verið einhliða og án nokkurs kröfuréttarlegs grunns, heldur sé leitun að riftanlegri gerningi, þar sem eiganda stefnda, sem einnig skrifi undir framsalið af hálfu stefnanda, hafi verið fullkomlega kunnugt um að stefnandi var ekki gjaldfær á þessum tíma. Stjórnendur og starfsfólk hafi verið að leggja á flótta frá fyrirtækinu og Skúli Gunnar ráðið ráðgjafann Friðrik Friðriksson til þess að leysa upp eignir og semja við lánardrottna. Í skýrslu sem Friðrik hafi gefið hjá skiptastjóra hafi Friðrik talið að í janúar 2016 hefði stefnandi verið tæknilega gjaldþrota og jafnvel fyrr. Undir þetta hafi Guðmundur Hjaltason tekið en í skýrslu hans þann 9. september 2016, nánar tiltekið í mánuðinum áður en hin framselda greiðsla var innt af hendi til stefnda, segi hann: „[Þ]etta var búið spil; ekki yrði hægt að snúa við rekstri né selja félagið“.

Vegna stöðu Skúla Gunnar hjá báðum félögum og stöðu Guðmundar Hjaltasonar hjá stefnda og með hliðsjón af því að þeir báðir hafi verið fullkomlega grandsamir um ógjaldfærni stefnanda, einkum í ljósi þess að ekki hafi verið nokkur fótur fyrir kröfu stefnda, sé ljóst að gerningurinn standist ekki.

Stefnandi byggir á því að umrætt framsal stefnanda til stefnda hafi í fyrsta lagi leitt til þess að fjármunirnir hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum stefnanda. Í öðru lagi hafi stefnandi verið ógjaldfær á þeim tíma sem ráðstöfunin fór fram eða að minnsta kosti orðið það vegna hennar. Í þriðja lagi byggir stefnandi á því að stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamanns, enda honum nákominn og fullnustuaðgerðir yfirvofandi og í gangi.

Stefnandi bendir á að í framsalinu sé í engu vikið að því, á hvaða forsendum eða af hvaða ástæðu sú ákvörðun hafi verið tekin að framselja kröfu hans að fjárhæð 24.628.250 krónur. Skýringar fyrirsvarsmanns stefnda, sem veittar hafi verið eftir bréf skiptastjóra, haldi ekki vatni því þótt að álagningin á sölunni til stefnda hafi verið sett ofan á heildarverð með hinum ofteknum gjöldum, myndi það engan kröfurétt stefnda á hendur stefnanda, enda eigi stefndi ekkert eignaréttarlegt eða samningsréttarlegt tilkall til þessarar endurgreiðslu. Að mati stefnanda eigi hvorki stefndi né einstakir viðskiptavinir Subway-

veitingastaðanna nokkra kröfu vegna þessa á hendur stefnanda. Engin gögn styðji þá fullyrðingu að stefndi hafi notið kröfuréttar gagnvart stefnanda vegna ólögmætis opinberra gjalda. Þá byggji greiðsla íslenska ríkisins á lögum nr. 29/1995 sem mæli fyrir um hlutlægan endurkröfurétt gjaldenda ólögmætra gjalda. Þar þurfi því ekki að koma til sönnun á tjóni. Því myndist engin krafa um áframgreiðslu nema fyrir hendi væru sérstakur samningur eða reglur kröfuréttar sem mæltu fyrir um að endurgreiðslur skyldu renna til stefnda vegna síðari tíma ólögmætis gjalda. Að mati stefnanda eigi hér hvorugt við.

Telji stefndi sig hafa orðið fyrir einhvers konar tjóni vegna þessarar gjaldtöku, væri félaginu auk þess nær að beina bótakröfu sinni til íslenska ríkisins sem hefði þá með ólögmætri háttsemi sinni valdið hinu ætlaða tjóni. Engri slíkri háttsemi sé til að dreifa hjá stefnanda. Þá sé rétt að benda á að eðli málsins samkvæmt ætti stefndi að öllum líkindum að hafa sótt þetta gjald til neytenda með verðlagningu á vöru sinni. Alltént liggi ekkert fyrir um að hin ólögmæta gjöld, sem stefnandi hafi greitt og lögð hafi verið á vöruna við sölu til stefnda, hafi engin áhrif haft á endanlega verðlagningu stefnda. Það renni enn frekari stoðum undir þá afstöðu að enginn sannanlegur kröfuréttur sé til staðar hjá stefnda.

Að mati stefnanda blasi því við að eigandi stefnanda og stefnda, Skúli Gunnar, hafi einfaldlega tekið ákvörðun í ljósi þeirrar stöðu sem stefnandi hafi verið í á þessum tíma, um að stefndi fengi endurgreiðsluna en ekki það félag sem kröfu um endurgreiðslu ætti, þ.e.a.s. stefnandi. Krafa stefnda til þessarar endurgreiðslu sé tilbúningur sem standist ekki lögfræðilega skoðun. Í bókhaldi stefnanda sé ekki að finna stafkrók, hvorki um þessa ætluðu kröfu stefnda á hendur stefnanda, né um kröfu stefnanda yfir höfuð. Um framsalið sjálf sé ekkert að finna í bókhaldi eða fylgiskjalamöppum stefnanda en það hafi fyrst borist til skiptastjóra frá Efnahags- og fjármálaráðuneytinu eftir að fyrirspurn hefði verið send þangað. Þessi staðreynd og það að framkvæmdastjóri hafi ekki verið hafður með í ráðum, sýni að gerendur í málinu hafi viljað fara leynt með framsalið.

Stefnandi bendir á að félögin séu nákomnir aðilar í skilningi gjaldþrotalaga nr. 21/1991 en sami eigandi og stjórnarmaður hafi verið að báðum félögunum þegar um framsalið hafi verið samið. Því hefði mátt rifta gerningnum 24 mánuði aftur í tímann frá frestdegi. Frestdagur í skiptunum sé 9. maí 2016 og hafi framsalið átt sér stað innan við 6 mánuðum frá þeim degi. Því þurfi stefndi að sanna að stefnandi hafi verið gjaldfær á þessum tíma og verið það áfram þrátt fyrir ráðstöfunina. Í því samhengi minnir stefnandi á að hálfu ári fyrir framsal hafi Skúli Gunnar selt félag stefnanda þáverandi stjórnarmanni þess Gunnari Thoroddsen á 100 krónur en þau kaup hafi gengið til baka þar sem Gunnari hafi þótt staða stefnanda of slæm. Þá hafi Friðrik Friðriksson talið stefnanda hafi verið tæknilega gjaldþrota í janúar 2016 í skýrslu sinni hjá skiptastjóra 21. september sama ár. Guðmundur Hjaltason hafi verið að vinna að því í nokkra mánuði að selja félag stefnanda en áhugasamir orðið frá að hverfa þar sem þeim hafi ekkert litist á stöðu þess. Mánuði áður en stefnda hafi borist greiðslan frá ríkissjóði, hafi starfsemi stefnanda verið „búið spil“ að sögn Guðmundar. Þá hafi hann og Friðrik klárað samning við ÍSAM um sölu allra umboða en andvirði þeirra hafi hrokkið skammt upp í kröfur, þrátt fyrir að það ætti að nota til að ná nauðasamningum við kröfuhafa. Einum mánuði eftir að greiðslan hafi borist stefnda, eða 2. maí 2016, hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá stefnanda. Daginn eftir árangurslausu fjárnámið hafi Skúli Gunnar fengið vin sinn, Steingrím Bjarnason, til þess að gerast „útfararstjóri“ stefnanda og í kjölfarið hafi verið lögð fram gjaldþrotaskiptabeiðni í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 9. maí 2016. Að mati stefnanda sé fráleitt að halda því fram að stefnandi hafi verið gjaldfær þegar þessir gerningar voru gerðir eða að þeir hafi ekki haft áhrif á gjaldfærni hans.

Stefnandi byggir á því að það hafi verið ljóst þegar framsalið átti sér stað, og enn betur þegar sjálf greiðslan hafi borist stefnda, að enginn áframhaldandi rekstur yrði hjá stefnanda og að framundan væri eignasala og tilraun til nauðasamninga. Framsalið hafi verið undirritað þann 27. janúar 2016 og það hafi verið gert, án þess að eintak af því hafi verið skilið eftir í bókum stefnanda og án þess að framkvæmdastjóri félagsins fengi vitneskju um það, hvorki fyrir fram né eftir á.

Stefnandi byggir jafnframt á því að þessi ráðstöfun sé ekki aðeins riftanleg sem gjafagerningur innan sex mánaða frestsins samkvæmt 131. gr. laga nr. 21/1991, heldur sé krafan margriftanleg á grundvelli 134. gr. sömu laga, verði á það fallist að raunveruleg krafa stefnda hafi verið til staðar. Ljóst sé að þegar framsalið hafi átt sér stað og síðar greiðslan, teljist framsalið óvenjulegur greiðslueyrir. Hin ætlaða krafa

hafi einnig með framsalinu og greiðslunni verið gerð upp fyrr en eðlilegt var í skilningi 134. gr. Stefnandi vísar til þess að á sama tíma og margir kröfuhafar, sem hafi átt margfalt eldri kröfur og ekkert fengið greitt, hafi krafa félags í eigu sama aðila verið gerð upp um leið og hún hafi orðið til. Auk þess hafi þessar ráðstafanir skert greiðslugetu stefnanda verulega í skilningi sama ákvæðis. Almenna riftunarreglan í 141. gr. laga nr. 21/1991 eigi jafnframt við þar sem ráðstafanir þessar séu stefnda til hagsbóta með ótilhlýðilegum hætti og hafi leitt til þess að 24.628.250 krónur séu ekki til reiðu til fullnustu krafna annarra kröfuhafa.

Þá byggir stefnandi á því að félagið hafi, á þeim tíma sem framsalið átti sér stað, ekki getað staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Félagið hafi því verið ógjaldfært og enn ógjaldfærara við hina riftanlegu ráðstöfun. Þegar framsalið hafi átt sér stað, hafi Skúli Gunnar verið stjórnarmaður stefnanda og prókúruhafi félagsins. Hann hafi einnig verið eini stjórnarmaður stefnda á þessum tíma og eini eigandi þess í gegnum eignarhald sitt á Leiti eignarhaldsfélagi ehf. Sökum stöðu Skúla Gunnars hjá báðum félögum og stöðu Guðmundar hjá stefnda, og í ljósi þess að þeir hafi báðir verið fullkomlega grandsamir um ógjaldfærni stefnanda og þess að stefndi hafi enga raunverulega kröfu átt, sé að mati stefnanda ljóst að framsalið standist ekki ákvæði laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og það jafnvel þótt slík krafa hefði verið til staðar.

Aðalkrafa stefnanda um greiðslu á 24.628.250 krónum byggir á því að hin framselda endurkrafa hafi numið þeirri fjárhæð. Stefnandi eigi ekki að þurfa að sæta því að krafan verði lækkuð, þótt stefndi hafi ekki fylgt henni eftir sem skyldi. Hins vegar endurspegli varakrafa þá fjárhæð, sem ríkissjóður hafi samþykkt að greiða af hinni framseldu kröfu, eða 14.670.838 krónur.

Krafa stefnanda um vexti sé í samræmi við þann mismun sem liggja í aðal- og varakröfu. Um vexti af endurgreiddum ofteknum gjöldum til ríkisins sé kveðið á um í lögum 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Í 1. mgr. 2. gr. laganna sé vísað til þess að við endurgreiðslu oftekinna gjalda eða skatta skuli greiða vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim tíma þegar féð hafi verið oftekið og dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6 gr. sömu laga frá þeim tíma að gjaldandi sannarlega hafi lagt fram kröfu um endurgreiðslu. Aðalkrafan sé sett fram í samræmi við þetta og sé þannig í samræmi við fjárhæð þeirrar endurkröfu sem framseld hafi verið og vaxtakröfur sem fylgt hafi hinni framseldu kröfu. Vegna varakröfu sé hins vegar gert ráð fyrir vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá dagsetningu framsals stefnanda til stefnda en dráttarvöxtum frá þeim degi þegar riftun var lýst yfir.

Í ljósi athugasemda stefnda tekur stefnandi fram að mál þetta snúist ekki um heimtu á tollkvótum, heldur um gjöld til ríkisins vegna úthlutunar tollkvóta en sú gjaldtaka hafi verið dæmd ólögmat. Slík endurgreiðsla eigi sér stað á hlutlægum grunni og án þess að sýna þurfi fram á tjón viðkomandi. Stefnandi byggir á því að mögulegur kröfuréttur kaupanda vörunnar af stefnanda sé hins vegar ekki því marki brenndur. Í fyrsta lagi þyrfti sá aðili að sýna fram á tjón og í annan stað þyrfti hann að sækja það tjón á hendur tjónvaldi sínum sem í þessu tilfelli sé íslenska ríkið. Engri ólögmatrí háttsemi stefnanda sé til að dreifa og enginn réttmætur kröfuréttur stefnda á hendur honum sé til staðar um nokkra greiðslu. Þá geti sprangkrafa eða annað í þeim dúr ekki talist hafa stofnast og séu kenningar stefnda þar um haldlausar. Í öðru lagi sé athyglisvert að í viðskiptum stefnanda við birgja, sem hafi selt varning sinn áfram til stefnda, hafi stefndi verið umsýsluveitandi og stefnandi umsýslumaður. Umsýsla eða umsýslumennska sé það þegar umsýslumaður geri viðskiptagerninga gagnvart þriðja manni í eigin nafni en fyrir reikning umsýsluveitandans, samkvæmt heimild frá þeim síðastnefnda. Þótt með þessu sé verið að koma á viðskiptum milli umsýsluveitanda og þriðja manns, skapist þó að jafnaði ekki beint réttarsamband milli þeirra aðila. Aftur á móti verði umsýslumaðurinn bundinn gagnvart þriðja manni vegna þeirra löggerninga sem hann geri í skjóli umsýslusamningsins við umsýsluveitanda en sérstöku réttarsambandi sé einnig fyrir að fara milli umsýsluveitanda og umsýslumanns. Framangreint staðfesti að stefndi hafi engan rétt átt til þessa framsals, heldur hafi það átt sér stað umfram alla skyldu og því hafi það verið gjafageringur.

Samkvæmt greiningu lögmans stefnda á eðli viðskiptasambands stefnanda og stefnda, sé ekki um beint réttarsamband að ræða á milli birgja Subway-verslananna og stefnda. Á hinn bóginn hafi það verið stefnandi sem hafi verið bundinn gagnvart birgjunum vegna þeirra löggerninga sem hann hafi gert í þágu stefnda í skjóli umsýslusamnings aðila. Þá sé óskiljanleg niðurstaða stefnda um að endurgreiðsla á

opinberum gjöldum vegna tilboðs í tollkvóta, sem hafi lagst á innkaupsverð frá birgjum sem þýði að kaupverð til handa stefnanda hafi þar með lækkað, skuli í krafti umsýslumennsku eiga að renna til stefnda. Lögmaðurinn hljóti að meina að samningur aðila um umsýslu stefnanda fyrir stefnda hafi verið með þeim hætti, þrátt fyrir eðli sitt, að beint réttarsamband hafi verið á milli viðsemjanda stefnanda og stefnda. Það leiði til þess að kröfuhafar, sem selt hafi vörur til stefnanda í þágu stefnda, geti sótt greiðslu til hins síðarnefnda.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttarins, auk XX. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldprotaskipti o.fl., sbr. það sem að framan er rakið. Um vexti og dráttarvexti er vísað til laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Krafa stefnanda um málskostnað er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Um varnarþing er vísað til 1. mgr. 32. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 21/1991 er málið höfðað innan kröfulýsingarfrests en honum lauk 16. nóvember 2016.

IV

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að áðurnefndir gerningar séu ekki riftanlegir á grundvelli framangreindra ákvæða gjaldprotaskiptalaga nr. 21/1991. Þá hafnar stefndi því að um gjafagerning hafi verið að ræða og einnig því að framsalið hafi falið í sér greiðslu í óvenjulegum greiðslueyri, greiðslu fyrr en eðlilegt hafi verið eða greiðslu sem hafi verið óvenjuleg eftir atvikum að öðru leyti, í skilningi 131. eða 134. gr. laga nr. 21/1991. Stefndi mótmælir því enn fremur að framsalið hafi á ótilhlýðilegan hátt verið honum til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa EK1923 ehf. og að það hafi leitt til þess að eignir félagsins hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða valdið því að skuldir þess hafi aukist. Loks mótmælir stefndi því að félagið hafi verið ógjaldfært eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar og að stefndi hafi verið grandvís um ógjaldfærni og ótilhlýðileika ráðstöfunarinnar í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldprotaskipti o.fl.

Aðalkrafa stefnda um sýknu byggist einkum á þremur málsástæðum. Í fyrsta lagi að kröfuframsal EK1923 ehf. hafi verið eðlilegt og réttmætt, í öðru lagi er byggt á því að framsalið hafi ekki falið í sér gjafagerning og í þriðja lagi að ráðstöfunin hafi ekki verið ótilhlýðileg.

Stefndi byggir í fyrsta lagi á því, að hann hafi átt kröfu á hendur EK1923 ehf. á grundvelli reglna um endurheimt ofgreidds fjár. Það sé meginregla í íslenskum rétti, sem staðfest hafi verið í dómaframkvæmd, að þeim sem fái fyrir mistök greidda peninga sem þeir eigi ekki rétt á, beri skylda til að endurgreiða þá. Viðskiptafyrirkomulag stefnanda og stefnda hafi byggt á fyrirfram umsömdum, gagnsæjum og sundurliðuðum forsendum og hafi ein forsendan verið sú að kostnaður við úthlutun á tollkvótum væri reiknaður inn í heildarinnkaupsverð þeirra vara sem EK 1923 ehf. hafi flutt inn og hafi stefndi greitt það heildarinnkaupsverð til félagsins að viðbætti þóknun. Þegar Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu í dómum í málum nr. 317/2015, 318/2015 og 319/2015, að innheimta þessara gjalda vegna úthlutunar tollkvóta fæli í sér ólögmeta skattheimtu, hafi EK1923 ehf. eignast kröfu á hendur íslenska ríkinu vegna ofgreiddra gjalda sökum úthlutunar tollkvóta og jafnframt hafi stefndi eignast kröfu sömu fjárhæðar á hendur félaginu vegna sömu ofgreiddu gjalda.

Stefndi bendir á að í raun hafi EK1923 ehf. ekki greitt fyrir úthlutun umræddra tollkvóta, enda hafi þeim kostnaði verið velt yfir á stefnda sem sundurliðuðum þætti í heildarinnkaupsverði. Þegar í ljós hafi komið að innheimta gjalda vegna úthlutunar tollkvótanna hefði verið ólögmet og að félagið hefði þar með ofgreitt íslenska ríkinu, hafi leitt af sjálfu sér að stefndi hefði ofgreitt EK1923 ehf. samsvarandi fjárhæð, auk hlutfallslegs álags, enda hafi stefndi borið allan raunverulegan kostnað af greiddum tollkvótum. Í öllum þeim tilvikum sem EK1923 ehf. hafi greitt tollkvóta hafi félagið fengið þann kostnað að fullu endurgreiddan sem þátt í skilgreindu heildarinnkaupsverði fyrir hlutaðeigandi vöru sem EK1923 ehf. hafi flutt inn fyrir stefnda. Framangreint viðskiptasamband hafði verið viðvarandi um talsverðan tíma eins og forsvarsmenn félaganna geti borið um.

Þá byggir stefndi í öðru lagi á því að hafa með fyrrnefndum dómum Hæstaréttar Íslands, eignast sprangkröfu á hendur ríkinu, þ.e. kröfu á grundvelli reglna um sprangkröfur (springende regres). Íslenska ríkið hafi verið sá aðili sem ábyrgð hafi borið á vanefnd á grundvelli sakar, og því hafi stefndi haft heimild til að beina sprangkröfu beint að íslenska ríkinu, frekar en að stefndi beindi kröfu að EK1923 ehf. og að

félagið beindi kröfu að íslenska ríkinu. Framsal félagsins á kröfunni hafi því ekki aðeins verið eðlileg og réttmæt ráðstöfun, heldur í raun aðeins óþarfa formsatriði. Stefndi hefði í raun getað beint kröfunni beint á hendur íslenska ríkinu á framangreindum grundvelli.

Í þriðja lagi byggir stefndi á því að greiðsla EK1923 ehf. til stefnda með kröfuframsali hafi ekki falið í sér greiðslu í óvenjulegum greiðslueyri eða að öðru leyti óeðlilega greiðslu. Þótt venjulegur greiðslueyrir sé almennt peningar verði að líta til viðskiptasambands aðila og þess sem úðkast hafi í viðskiptum þeirra. Náið og langvarandi viðskiptasamband stefnda og EK1923 ehf. hafi byggst á innflutningi og dreifingu vöru, sem verðlögð hafi verið með afar gagnsæjum hætti og sé það óumdeilanlegt. Þar sem heimta ríkisins á gjöldum af félaginu vegna úthlutunar tollkvóta hafi reynst ólöglegt, hafi sá hluti verðsins, sem EK1923 ehf. hafi krafist stefnda um greiðslu á og byggðist á heimtu þessara gjalda, einnig verið það. Því hafi framsal kröfunnar um endurgreiðslu gjalda vegna úthlutunar tollkvótanna ekki verið óvenjulegur greiðslueyrir eins og hér hafi staðið á.

Að mati stefnda verði ekki litið hjá því fjárfraða EK1923 ehf. á hendur íslenska ríkinu annars vegar og fjárfraða stefnda á hendur félaginu hins vegar hafi lotið nákvæmlega sömu lögmálum, enda hafi forsendur útreikninga þeirra verið nákvæmlega þær sömu. Þannig liggi beinast við að sú leið hafi verið valin, sem farin var, til að einfalda uppgjör í stað þess að EK1923 ehf. og stefndi myndu hvort um sig standa í innheimtu.

Í fjórða lagi byggir stefndi á því að framsalið hafi ekki falið í sér greiðslu kröfu fyrr en eðlilegt hafi verið. Svo sem áður greini hafi krafan stofnast vegna ofgreiðslu stefnda á fé til EK1923 ehf. Stefndi byggir á því að framsalið hafi farið fram á eðlilegum tíma, enda hafi krafa stefnda vegna ofgreiddra tollkvóta verið beintengd samkynja kröfu stefnanda á hendur íslenska ríkinu vegna sömu ofgreiddu tollkvóta. Því hafi verið eðlilegt að uppgjör færi fram á þeim tíma og með þeim hætti sem gert hafi verið, enda gjalddagi beggja krafna kominn.

Í fimmta lagi byggir stefndi á því að stefnandi hafi ekki með neinum hætti leitast við að sanna að framangreind ráðstöfun hafi falið í sér óeðlilega háa greiðslu í samanburði við aðrar greiðslur eða hvernig greiðslugeta EK1923 ehf. hafi minnkað svo verulega að ráðstöfunin teljist riftanleg samkvæmt 134. gr. laga nr. 21/1991. Að mati stefnda verði ekki hjá því komist að hafna innihaldslausum og ósönnuðum fullyrðingum stefnanda um verulega skerta greiðslugetu sem hvorki sé á nokkrum rökum reist né neinum gögnum studd.

Í sjötta lagi byggir stefndi á því að greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum, enda hafi sú venja sem ríkt hafi í viðskiptasambandi aðila ekki verið einskorðuð við eitt eða tvö tilvik, heldur megi rekja langa sögu sundurliðaðra viðskipta þar sem EK1923 ehf. hafi rukkað stefnda um innkaupaverð að viðbættu álagi og það innkaupaverð hafi tekið til kostnaðar við tollkvóta.

Stefndi mótmælir því, að kröfuframsal EK1923 ehf. hafi falið í sér gjafagerning, heldur hafi einfaldlega falist í því uppgjör kröfu krónu fyrir krónu. Þannig hafi stefndi átt kröfu á hendur EK1923 ehf. á sömu forsendum og að sömu fjárhæð og sú krafa hafi verið sem félagið hafi framselt stefnda hinn 27. janúar 2016. Þar sem stefndi hafi átt gjaldfallna kröfu á hendur félaginu sem hafi verið jafnhá og hin framselda krafa á hendur ríkinu var, hafi EK1923 ehf. í öllum tilvikum borið að inna af hendi greiðslu þessarar fjárhæðar, auk hlutfallslegs álags. Því hafi ekki verið um að ræða örlætisgerning EK1923 ehf. sem hafi verið stefnda í hag.

Þá mótmælir stefndi því einnig sem röngu að hægt sé að líta svo á að krafa sem komin sé á gjalddaga og greidd með verðmæti sem jafngildir hinni gjaldföllnu kröfu upp á krónu, geti falið í sér gjafagerning. Hin framselda krafa hafi í raun verið lægri, enda hafi hún lækkað um hið hlutfallslega ofgreidda álag, sem stefndi hafði greitt til viðbótar við þá upphæð sem tollkvótagegjaldið hafi markað. Að mati stefnda sé ekki tæk nokkur sú túlkun sem leiði til þeirrar niðurstöðu að gjafagerningur hafi verið fyrir hendi og því ekki nokkur fótur fyrir riftunarkröfu stefnanda á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991.

Um þriðju málsástandu stefnda um að ráðstöfunin hafi ekki verið ótilhlýðileg, vísar hann til þess að kröfuframsal EK1923 ehf. til stefnda hafi verið eðlilegt og réttmætt af sömu ástæðum og að framan greini. Líkt og komi fram í stefnu, hvíli sönnunarbyrðin um að öllum skilyrðum 141. gr. gjaldþrotalaga sé fullnægt á stefnanda. Til viðbótar byggir stefndi á því að á þeim tíma sem hin ætlaða riftanlega ráðstöfun fór fram

hafi forsvarsmenn EK1923 ehf. enn vonast til þess að unnt væri að selja verðmæti félagsins og ná að standa í skilum við kröfuhafa. Að mati stefnda hafi mátt telja þetta vera raunverulegan möguleika, ekki síst í ljósi þess svigrúms sem kröfuhafar EK1923 ehf. hefðu gefið félaginu. Ekkert hafi virst benda til annars en að þeirrar viðleitni myndi áfram njóta við, enda hafi sjóðstreymi verið ágætt og gerlegt að halda í horfinu, þrátt fyrir vanskil. Sem dæmi um velvilja kröfuhafa og trú þeirra á áframhaldandi rekstri félagsins, hafi Íslandsbanki hf., viðskiptabanki EK1923 ehf., ítrekað frestað því að ganga að eignum félagsins til fullnustu krafna sinna, til að mynda á grundvelli veðréttarsamnings. Þetta sé ótvírætt merki um að þeir, sem best hafi þekkt til, hafi talið að EK1923 ehf. gæti rétt úr kútnum, þótt niðurstaðan að endingu hafi orðið önnur.

Stefndi telur að stefnanda hafi ekki tekist að axla þá ströngu sönnunarbyrði sem á honum hvíli samkvæmt ákvæði 141. gr. laga nr. 21/1991 og telur stefndi því ekki tækt að rifta hinni umdeildu ráðstöfun á grundvelli þess lagaákvæðis. Að mati stefnda beri því að sýkna hann af kröfu stefnanda.

Að aðalkröfu stefnda um sýknu frágenginni, hafnar hann því sérstaklega að krafa stefnanda geti numið 24.628.250 krónum. Raunvirði kröfu stefnanda geti ekki numið hærri fjárhæð en sem íslenska ríkið hafi endurgreitt stefnda vegna ofheimtra tollkvóta. Svo sem gögn málsins beri með sér hafi íslenska ríkið aðeins greitt þann hluta kröfunnar sem það hafi fallist á að væri ófyrndur og varðað greidd gjöld fyrir 11. júlí 2015. Stefndi hafi sinnt innheimtu kröfunnar eins vel og tímanlega og til megi ætlast, öfugt við það sem stefnandi haldi fram, og sé því ekki unnt að fallast á að hann heimti hærri fjárhæð af stefnda heldur en sem nemi raunverulegu virði hinnar framseldu kröfu.

Þá hafi stefnandi ekki fært nein rök fyrir því að hin framselda krafa hafi rýrnað í fórum stefnda eða að stefnanda hefði verið fært að innheimta hærri fjárhæð af henni af íslenska ríkinu. Ríkið hafi enn fremur talið hluta kröfunnar og þá hluta allra krafna vegna endurheimtar ofgreiddra tollkvótajalda, vera fyrnda eða varða greidd gjöld eftir 11. júlí 2015 og þar með ekki endurgreiðsluskyld. Engar reglur laga nr. 21/1991 geti leitt til þess að stefnda beri að greiða fjárhæð sem samsvari aðalkröfu stefnanda. Krafan hafi hvorki komið stefnda að meiri notum en sem svari varakröfu stefnanda, sbr. 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991, né geti tjón hans í nokkru falli talist meira en svari henni, enda hefði stefnandi ekki getað fengið meira greitt frá íslenska ríkinu upp í kröfuna en stefndi fékk. Um þetta vísar stefndi til reglu fyrrnefndrar 142. gr. laga nr. 21/1991 um að endurgreiðsla riftanlegrar ráðstöfunar geti ekki numið hærri fjárhæð en svari ætluðu tjóni þrotabúsins. Þá telur stefndi að stefnandi hafi engan reka gert að því að sanna að tjón þrotabúsins sé meira en sem varakröfu hans nemi.

Fari svo ólíklega að ekki verði fallist á sýknu að öllu leyti, beri í öllu falli að mati stefnda að sýkna hann af aðalkröfu stefnanda. Þá vísar stefndi um lagarök til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., þá einkum til 131., 134., 141. og 142. gr. þeirra. Vegna kröfu um málskostnað vísar stefndi síðan til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V

Bú EK1923 ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 7. september 2016 og var frestdagur 9. maí 2016. Stefndi, þrotabú EK1923 ehf., höfðar mál þetta til riftunar framsali stefnanda til stefnda, dagsettu 27. janúar 2016, þar sem framseld var endurkrafa stefnanda á hendur íslenska ríkinu að fjárhæð 24.628.250 vegna ofgreiðslu gjalda til ríkissjóðs í tengslum við úthlutun á tollkvótum með útboði á árunum 2014 og 2015. Þá krefst stefnandi þess aðallega að stefnda verði gert að greiða stefnanda 24.628.250 krónur en til vara 14.670.838 krónur. Þá krefst stefnandi vaxta svo sem nánar greinir hér að framan.

Stefnandi reisir kröfu sína aðallega á ákvæðum 134. gr., sbr. 2. mgr., eða 131 gr. en til vara á 141. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Svo sem sjá má af framlögðum kaupsamningi, dagsettum 1. janúar 2014, keyptu Leiti eignarhaldsfélag ehf., Sedona ehf. og Páll Hermann Kobeinsson allt hlutafé Eggerts Kristjánssonar ehf. en Leiti eignarhaldsfélag ehf. yfirtók á árinu 2015 hluti Sedona ehf. og Páls Hermanns Kolbeinssonar í hinu keypta félagi. Eggert Kristjánsson ehf. fékk síðar heitið EK1923 ehf. Óumdeilt er að Leiti eignarhaldsfélag ehf. er í 100% eigu Skúla Gunnars Sigfússonar og að það félag keypti 70% hlutafjár í stefnanda og eignaðist síðar allt hlutaféð í því félagi. Þá liggur fyrir að Leiti eignarhaldsfélag ehf. á einnig 100% hlut í

stefnda. Stefndi rekur matsölukeðjuna Subway og liggur fyrir að EK1923 ehf. keypti í byrjun árs 2014 lager Sólstjörnunnar ehf. en það félag mun áður hafa séð um að flytja inn og dreifa vörum til stefnda með sama hætti og EK1923 ehf. gerði síðar. Ekki er ágreiningur um að aðilar málsins eru nákomnir í skilningi 3. gr. laga nr. 21/1991.

Af framlögðum tölvuskeytum frá 7. september 2015 milli þáverandi framkvæmdastjóra EK1923 ehf. og framkvæmdastjóra stefnda má ráða að unnið var að gerð þjónustusamnings milli félaganna tveggja um viðskiptasamband þeirra. Drög að þjónustusamningi liggja frammi í málinu en fyrir liggur að slíkur samningur var þó ekki undirritaður með formlegum hætti. Samkvæmt samningsdrögunum gerðu málsaðilar með sér „samning um vöruhúsaþjónustu og dreifingu“ og átti stefndi að greiða fyrir þjónustuna 12,5% framlegð ofan á kostnaðarverð seldra vara. Verðmyndun á vörum til stefnda var byggð á kostnaðarútreikningi vara í upplýsingakerfi stefnanda og átti verð að byggjast á innkaupsverði frá birgja, flutningskostnaði, tollum, geymslukostnaði og tollkvótum. Í samningsdrögunum kemur einnig fram að stefnandi skuli eingöngu vera framkvæmdaraðili innkaupa. Af vætti vitna má ráða að framkvæmd á viðskiptum aðila hafi um nokkurt skeið í aðalatriðum verið í samræmi við efni draganna.

Guðmundur Sigurðsson, framkvæmdastjóri stefnda, lýsti því í skýrslu sinni fyrir dóminum að stefndi hefði alltaf átt frumkvæðið að því hvaða tollkvóta ætti að bjóða í hverju sinni og hversu hátt verð skyldi bjóða. Af gögnum málsins er ljóst að viðskipti aðila fóru þannig fram að EK1923 ehf. annaðist innflutning og dreifingu fyrir stefnda á tilteknum vörum. Guðmundur Hjaltason, framkvæmdastjóri Sjóstjörnunnar ehf. og ráðgjafi Skúla Gunnars Sigfússonar, gaf skýrslu hjá skiptastjóra þrotabús EK1923 ehf. fyrir hönd Skúla Gunnars og lýsti því að stefndi hefði verið með samning við EK1923 ehf. um að síðarnefnt félag sæti um innkaup fyrir stefnda á birgðum og legði „á þetta 12,5% þegar það seldi áfram til Stjörnunnar.“ Í skýrslu sinni hjá skiptastjóra þrotabús EK1923 ehf. kvað Gunnar Thoroddsen héraðsdómslögmaður, sem var stjórnarmaður í EK1923 ehf. frá 30. desember 2014 til 14. október sama ár, þetta vera rétta lýsingu á viðskiptunum og sagði þetta hafa verið gert í hagræðingarskyni fyrir báða aðila.

Stefnandi byggir riftunarkröfu sína á því að umrætt framsal kröfu á hendur íslenska ríkinu frá EK1923 ehf., öðru nafni Eggert Kristjánsson ehf., til stefnda frá 27. janúar 2016 hafi verið gjafagerningur til hagsbóta fyrir stefnda í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá byggist krafa stefnanda jafnramt á því að með framsalinu hafi átt sér stað uppgreiðsla á kröfu stefnda á hendur EK1923 ehf., sem sé riftanleg á grundvelli 134. gr. sömu laga, enda hafi hún verið greidd með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða eða að greidd hafi verið fjárhæð sem hafi skert greiðslugetu þrotamannsins verulega. Stefnandi byggir á því að greiðslan geti ekki talist venjuleg eftir atvikum. Í þriðja lagi byggir stefnandi á því að framsalið hafi falið í sér ráðstöfun, sem hafi verið stefnda til hagsbóta á ótilhlýðilegan hátt á kostnað kröfuhafa stefnanda, sbr. 141. gr. gjaldþrotalaga. Þá byggir stefndi á því að EK1923 ehf. hafi í raun verið ógjaldfært þegar greiðslurnar fóru fram.

Óumdeilt er að EK1923 ehf. eignaðist kröfu á hendur ríkinu í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands í málum réttarins nr. 317/2015, 3018/2015 og 319/2015 þar sem innheimta gjalda vegna úthlutunar tollkvóta var talin fela í sér ólögsmæta skattheimtu. Í málinu liggur frammi samkomulag Eggerts Kristjánssonar ehf. og stefnda sem undirritað var sama dag og framangreint kröfuframsal sömu aðila. Í samkomulaginu er lýst viðskiptum aðila og niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í tilgreindum málum og að ríkinu hafi verið gert að endurgreiða að fullu þeim aðilum, sem hafi tekið þátt í útboðum vegna tollkvóta, þá greiðslu sem þeir hafi innt af hendi. Jafnframt segir: „Má því gera ráð fyrir að EK eigi kröfu um endurgreiðslu á framangreindu gjaldi frá ríkinu. Með samkomulagi þessu er það staðfest að Stjarnan eigi rétt til umræddrar endurgreiðslu frá ríkinu, þar sem álögd en ólögsmæt gjöld hafa ávallt verið lögð, af hálfu EK, á innkaupsverð til Stjörnunnar. Nemur krafa Stjörnunnar á hendur EK vegna þessa sömu fjárhæð og sem nemur endurkröfu EK á hendur íslenska ríkinu. Krafa Stjörnunnar samkvæmt framangreindu er gerð upp með framsali kröfu EK á hendur ríkinu, undirrituðu í dag.“ Í skjalinu er síðan tilgreindar þrjár greiðslur samtals að fjárhæð 24.628.250 krónur.

Framsalið er dagsett 27. janúar 2016 og fór því fram á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag. Hér kemur því til skoðunar ákvæði 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Ákvæðið hefur verið skýrt þannig að undir það falli hver sú ráðstöfun sem rýrir eignir þrotamanns og leiðir til eignaaukningar hjá þeim sem

nýtur góðs af henni, enda búi gjafatilgangur að baki ráðstöfuninni og hún falli ekki undir 3. mgr. sömu greinar sem tekur til venjulegra tækifærisgjafa og svipaðra smærri ráðstafana. Undir örlætisgerninga í þessum skilningi geta fallið gagnkvæmir samningar ef umtalsverður munur er á greiðslu þrotamanns og því gagngjaldi sem hann hefur fengið í staðinn. Ekki er um það að ræða í þessu máli, enda er fjárhæðin í samræmi við greiðslur vegna tollkvótanna. Að þessu virtu og þegar litið er til efnis annars vegar framsalsins og hins vegar samnings aðila í tengslum við það, sem hér hefur verið lýst, verður ekki fallist á það með stefnanda að framsal á kröfu EK1923 ehf. til stefnda hafi verið gjafagerningur í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991. Þykir hvorki breyta þeirri niðurstöðu þótt krafa stefnda hafi ekki verið skráð sem slík í bókhaldi hans né hafi hún verið skráð sem skuld í bókhaldi EK1923 ehf.

Kemur þá næst til skoðunar hvort framsalinu verði rift með þeim rökum að með því verði talið að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991. Svo sem áður er getið, er framsalið dagsett 27. janúar 2016 og fór það því fram á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag. Hér verður því að líta til 1. mgr. lagaákvæðisins þar sem segir að krefjast megi riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag m.a. ef greitt er með óvenjulegum greiðslueyri á því tímabili, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Stefndi byggir á því að vegna náins og langvarandi viðskiptasambands síns og EK1923 ehf., sem byggst hafi á gagnsærri verðlagningu þar sem ólögmæt gjöld ríkisins hafi verið hluti verðs sem stefndi hafi greitt félaginu, hafi framsal kröfu á grundvelli sömu ólögmætu gjaldtökkunar ekki verið óvenjulegur greiðslueyri.

Í dómafrákvæmd hefur almennt verið litið svo á að kröfur á hendur þriðja manni, sem notaðar hafa verið sem greiðsla, teljist óvenjulegur greiðslueyri. Hér að framan hefur því verið lýst að viðskipti milli stefnda og EK1923 fóru fram með þeim hætti að EK1923 ehf. annaðist innflutning og dreifingu á vörum fyrir stefnda. Í samkomulagi EK1923 ehf. og stefnda frá 27. janúar 2016 er viðskiptunum lýst þannig að EK1923 ehf. hafi keypt vörur og greitt álögd gjöld, m.a. fyrir tollkvóta, og síðan lagt fasta þóknun ofan á reiknað innkaupsverð með öllum álögdum gjöldum. Stefndi keypti síðan umræddar vörur á innkaupsverði, að meðtöldum álögdum gjöldum og að viðbætti þóknun EK1923 ehf. Ekkert er komið fram sem leiðir líkur að því, að í viðskiptum aðila hafi tíðkast uppgjör krafna milli þeirra með framsali krafna á hendur þriðja manni. Ljóst er að erfiðleikar voru í rekstri EK1923 ehf. þegar framsalið var gert og að unnið var að endurskipulagningu félagsins. Þá bera gögn málsins með sér að Sólstjarnan ehf., sem áður sá um að bjóða í tollkvóta fyrir stefnda með sama hætti og EK1923 ehf. gerði síðar, sá sjálft um innheimtu á endurgreiðslukröfu sinni gagnvart íslenska ríkinu í kjölfar fyrrgreindra dóma Hæstaréttar Íslands. Virðist sem stefndi hafi hins vegar ekki sóst eftir því að fá samkynja endurgreiðslukröfu framselda frá því félagi. Engar haldbærar skýringar hafa verið gefnar á þessari ólíku frákvæmd stefnda gagnvart annars vegar EK1923 ehf. og hins vegar Sólstjörnunni ehf. Í þessu ljósi þykir ekki hald í þeim skýringum að umrætt framsal kröfu EK1923 ehf. hafi verið gert til hagræðisauka fyrir báða aðila.

Að framangreindu virtu verður að fallast á það með stefnanda að framsal á kröfu EK1923 ehf. á hendur íslenska ríkinu til stefnda hafi, á þeim tíma sem framsalið fór fram, falið í sér greiðslu félagsins til stefnda með óvenjulegum greiðslueyri og að greiðslan hafi ekki virst venjuleg eftir atvikum. Sjónarmið stefnda um að hann hafi átt kröfu á hendur EK1923 ehf. á grundvelli reglna um endurheimtu ofgreidds fjár eða sprangkröfu á hendur íslenska ríkinu þykja ekki fá breytt þeirri niðurstöðu. Framsalið var því ríftanleg ráðstöfun og verður í ljósi framangreinds að líta svo á að stefndi hafi haft hag af henni. Að þessu gættu verður, þegar af þessum ástæðum og með vísan til 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, fallist á riftunarkröfu stefnanda. Verður því ekki tekin frekari afstaða til málsástæðna aðila.

Með vísan til ákvæða 142. gr. laga nr. 21/1991 verður stefnda gert að greiða stefnanda fé sem svarar til þess sem greiðsla EK1923 ehf. hefur orðið honum að notum. Samkvæmt framlagðri greiðslustaðfestingu Fjársýslu ríkisins er ljóst að íslenska ríkið greiddi stefnda 14.670.838 krónur hinn 1. apríl 2016. Að því virtu eru ekki efni til að fallast á aðalgreiðslukröfu stefnda og verður því varakrafa hans tekin til greina og stefnda gert að greiða stefnanda 14.670.838 krónur með dráttarvöxtum frá því er mánuður var liðinn frá því þegar stefnandi krafðist endurgreiðslu samkvæmt framsalinu í bréfi, dagsettu 22. desember 2016, eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir niðurstöðu málsins verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 1.000.000 króna.

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D Ó M S O R Ð:

Rift er framsali EK1923 ehf. á kröfu á hendur íslenska ríkinu vegna ofgreiðslu gjalda til ríkissjóðs í tengslum við úthlutun á tollkvótum með útboði á árunum 2014 og 2015 til stefnda, Stjörnunnar ehf., dagsettu 27. janúar 2016,

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi EK1923 ehf., 14.670.838 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 22. janúar 2017 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.